

Fundur í Fagráði loftræstikerfa nr. 1

Fundarefni:	Menntunarmál innan lðunnar		
Fundardagur:	16.09.2010	Fundartími:	16.30 – 18.00
Fundarstaður:	Lagnatækni, Hamraborg 12	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson, Sigurgeir Þórarinnsson, Kjartan Mar Eiríksson, Karl Hákon Karlsson, Pétur Kristjánsson og Gunnar Björn Guðbjörnsson		
Dreifing:	Fundarmenn, Kristján Ottóson, Birgir Hólm		

- Mönnum bar saman um að námskeiðin sem haldin eru hjá lðunni á sviði loftræstingar séu hver um sig ágæt. Þó er það svo að reynst hefur oft á tíðum erfitt að ná nægri þátttöku til að halda þessi námskeið.

Eins og námskeiðahaldið er lagt upp í dag er því skipt upp í þrjú stig ef svo má segja; Undirstöðu, Faghönnun og Þjónusta. Undir hverju sviði eru þrjú námskeið.

Undirstaða;

- o Loftræstikerfi
- o Gerðir loftræstikerfa
- o Uppbygging loftræstikerfa

Faghönnun;

- o Brunahönnun loftræstikerfa
- o Hljóð og hljóðdeyfung í loftræstikerfum
- o Stjórnun og reglun loftræstikerfa.

Þjónusta;

- o Stillingar loftræstikerfa
- o Handbækur, viðhald, rekstur, bilanaleit og þjónusta
- o Útboðsgögn og tilboðsgerð

Það er ljóst að einungis er hægt að keyra þessi námskeið með vissu millibili vegna takmarkaðs fjölda einstaklinga innan geirans sem áhuga hefðu að sitja þessi námskeið. Fagráðið leggur til að námskeiðin verði auglýst með þeim hætti að hvert stig verði kennt á einu ári, fyrst Undirstaðan, síðan næsta ár Faghönnun og loks á þriðja ári Þjónusta. Þannig líði þrjú ár á milli þess sem hvert námskeið er kennt. Með þessu er bundnar vonir við að einstaklingar sem áhuga hafa á námskeiðunum sæki frekar um að sitja þau ef það liggur fyrir að þrjú ár líði þar til tækifærið kemur aftur.

Lagt er til að hámarksfjöldi á námskeið sé 10-15 manns.

- Danski brunastaðallinn DS 428 kom út í fyrra og er nokkuð mikið breyttur frá fyrri útgáfu. Danski staðallinn er einn af þeim stöðlum sem horft er hvað mest til hér á landi á sviði brunahönnunar í loftræstikerfum. *Fagráðið leggur fram tillögu um að skoða hvort hægt væri að halda sér námskeið, ætlað tæknimönnum og hönnuðum loftræstikerfa, um staðalinn og þær breytingar sem orðið hafa á honum. Síðan þyrfti að endurskoða námsefni í tengslum við breyttan staðal í námskeiðinu „Brunahönnun loftræstikerfa“.*
- *Fagráðið ræddi um að auka mætti fræðslu um þá staðla sem notaðir eru í þessu fagi. Eitthvað er tekið á þeim í námskeiðunum í dag en það yrði að skoðast frekar hvort koma mætti þeim inn í núverandi námskeið eða hvort það yrði sér námskeið.*

- *Fagráðið leggur til að haldið verði námskeið í útflatningum. Hugsast gæti að fyrri áfangi námskeiðs væri um útflatninga en sá síðari væri kennsla í blikksmíðahluta Inventor forritsins en þannig gætu útflatningarnir nýst nemendunum sem grunnur fyrir vinnu í forritinu. Rætt var á fundinum þetta námskeið gæti nýst jafnt sem endurmenntun fyrir blikksmíði og fyrir nema í blikksmíði.*
- *Einnig kom fram á fundinum hugmynd hvort lðan hefði áhuga að taka upp kennslu á MagiCad forritinu. Forritið er í dag ráðandi á sviði hlutbundinnar hönnunar í lagna- og loftræstihönnun hér á landi. Fram til dagsins í dag hafa aðilar frá Progman í Finnlandi, framleiðanda forritsins, komið til landsins og haldið námskeið á vegum söluaðila forritsins hér. Ef halda ætti grunnnámskeið í forritinu mætti eflaust finna einstakling hér á landi til að sjá um það þar sem Íslendingar eru meðal leiðandi þjóða í notkun í forritsins.*

Næsti fundur hjá fagráði loftræstikerfa er áætlaður fimmtudaginn 7. október kl. 16.30.